

## Biskup Íslands

Allsherjarnefnd Alþingis

Reykjavík, 28. júní 2002

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar, dags. 27. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn biskupsstofu um frumvarp til laga um afnám sóknargjalda.

Þjóðkirkjan starfar á grundvelli laga og samninga við ríkisvaldið. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að auka sjálfstæði og ábyrgð kirkjunnar til muna þ.m.t. fjárhagslegt sjálfstæði gagnvart ríkinu. Breytingar á samskiptum ríkis og kirkju og á lagalegri stöðu þjóðkirkjunnar hafa ávallt verið á grundvelli undanfarandi viðræðna kirkju og ríkis. Jafnan er vandað til verka og málefni könnuð rækilega frá ýmsum hliðum áður en ráðist er í breytingar. Í skýringum við einstakar greinar samnings kirkju og ríkis frá 4. september 1998 segir: *“Auk þess innheimtir ríkissjóður eins og verið hefur sóknar –og kirkjugarðsgjöld fyrir Þjóðkirkju Íslands og innir af hendi lögbundnar greiðslur í Kirkjumálasjóð, Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjugarðasjóð”*.

Nú standa yfir viðræður kirkju og ríkis um prestssetur landsins og tengd atriði og ætla menn að með þeim geti lokið fjárhagslegu uppgjöri milli kirkju og ríkis. Það verður að teljast eðlilegt að skipan mála um sóknargjöld og skyld atriði verði ekki slitin úr samhengi við framangreinda málsmeðferð og almenn vinnubrögð eins og lýst hefur verið. Það væri í hæsta máta óeðlilegt að grípa með þessum hætti inn í vinnu þeirra nefnda og stjórnvalda sem þar eiga hlut að máli með þessum hætti.

Núgildandi fyrirkomulag sem yrði afnumið næði frumvarpið fram að ganga er viðurkenning ríkisvaldsins á mikilvægi átrúnaðarins í landinu og að trúfélög og kirkjusöfnuðir njóti ákveðins öryggis um afkomu sína og geti þannig sinnt margvíslegum skyldum sínum við menningu og samfélag.

Minna má á að sóknir þjóðkirkjunnar veita landsmönnum þjónustu án tillits til trúfélagsaðildar. Þær veita og ýmsa almannþjónustu sem fellur utan eiginlegrar trúarlegrar starfsemi og þeim er að lögum skylt að veita þjónustu á móti gjöldunum. Í því ljósi er naumast óeðlilegt að veita sóknum fjárhagslegt öryggi með þeim hætti sem núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Má sem dæmi nefna rekstur kirkjugarða sem er yfirlétt á hendi sóknarnefnda, margvíslega menningarstarfsemi, svo sem varðveislu friðaðra kirkjuhúsa, ferðaþjónustu á kirkjustöðum og annars staðar auk margvíslegrar aðstöðusköpunar og fyrirgreiðslu sem veitt er. Vert er að huga að því hvaða almenna þýðingu kirkjan hefur í félags - og menningarlífi fólks ekki hvað síst á landsbygðinni.

Verði umrætt frumvarp að lögum munu menn hugsanlega sjá sér fjárhagslegan hag í því að skrá sig utan trúfélaga því samkvæmt frumvarpinu eiga menn að fá endurgreidda árlega fjárhæð sem nemur sóknargjaldinu. Eðlilegt væri að gera sér grein fyrir því hvaða afleiðingar

slíkt hefði í reynd ef samþykkt yrði. Þ. á m. yrði að kanna hvernig sóknir myndu mæta skertum tekjum með því að draga úr þjónustu, fækka starfsfólki og auka tekjuöflun.

Þá má benda á þá hagsmuni sem um er að tefla. Sóknargjald árið 2002 er kr. 566 á mánuði.


Sóknir víðs vegar um landið hafa gert ýmsar langtímaráðstafanir og skuldbindingar á grundvelli núgildandi laga. Ef svo ólíklega vildi til að frumvarpið næði fram að ganga væri a.m.k. sanngirnismál að veittur yrði hæfilegur aðlögunartími svo unnt væri að draga úr þjónustu, fækka starfsfólki og huga að nýjum tekjuöflunarleiðum.

Minnt skal á að kirkjan hefur áður tekið á sig mjög þungbærar tekjuskerðingar, skerðingar sem festar hafa verið í sessi, sbr. t.d. lög um fjármálaráðstafanir á sviði dóms - og kirkjumálaráðuneytisins frá 1992. Þá voru kirkjugarðsgjöld skert um 84 millj. kr. á þágildandi verðlagi og sú skerðing var gerð varanleg árið eftir með setningu laga um Kirkjumálasjóð o.fl. Hér er um verulegar fjárhæðir að tefla. Þykir rétt að benda á að þjóðkirkjan, ein trúfélaga, axlaði þá skerðingu. Kirkjan hlýtur að áskilja sér allan rétt í því sambandi nái frumvarp þetta fram að ganga.

Þrátt fyrir það sem að framan er rakið er ekki lagst gegn því að fyrirkomulag á innheimtu sóknargjalda og tengd atriði svo sem staða þeirra sem eru utan trúfélaga séu rædd. Farið er fram á að því verklagi sé haldið sem jafnan hefur verið viðhaft að hugmyndir um breytingar á löggjöf á sviði kirkjumála séu ræddar og kannaðar ítarlega áður en ráðist er í þær, þannig að hagsmuna – og umsagnaraðilar, svo og löggjafinn, geti tekið vel ígrundaða og upplýsta ákvörðun um svo mikilvægt mál sem hér er hreyft.

Að öllu því virtu sem rakið hefur verið mælir biskupsstofa eindregið með því að frumvarpið fái ekki brautargengi.

Virðingarfyllst,



Karl Sigurbjörnsson